

Umfang og starfsemi

Gæðastefna Matvælastofnunar stuðlar að því að öll verkefni og þjónusta sem stofnunin fer með séu ávallt unnin með stöðugar umbætur að leiðarljósi, niðurstöður séu rýndar og brugðist sé við frávikum til úrbóta. Gæðastefnan nær til allra þátta í starfseminni. Matvælastofnun leggur áherslu á að mæta þörfum hagsmunaaðila sinna í allri starfsemi stofnunarinnar.

Gæðakerfi Matvælastofnunar byggir á gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 og hlutverki stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglum. Reglugerð um opinbert eftirlit með matvælum, fóðri, plöntuheilbrigði og dýraheilsu gerir kröfu um að eftirlit fari fram á grundvelli skráðs verklags, að árangur eftirlits sé sannprófaður og það lúti innri úttektum. Gæðastefna Matvælastofnunar stuðlar að þessu ásamt því að styðja við innleiðingu umbótahringsins (e. Plan, Do, Check, Act; PDCA) til sífelldra umbóta í starfinu.

Stöðumat og helstu áskoranir

Ein helsta áskorun stofnunarinnar í því að markmið gæðastefnunnar náist er að skapa rýmri tíma og tækifæri fyrir ábyrgðarmenn ferla og stjórnendur til þess að endurskoða og uppfæra ferla ásamt því að skapa nýja þar sem þess er þörf. Hið sama á við um eftirfylgni verkefna og innleiðingu umbóta.

Eitt mikilvægasta verkefnið fyrir innleiðingu gæðastefnunnar á næstu misserum er að efla gæðavitund starfsmanna, einkum stjórnenda og tryggja að gæðastefnan og markmið hennar séu ávallt til hliðsjónar í starfi stofnunarinnar.

Gæðastefnan og innleiðing hennar mun styðja við fagleg og samræmd vinnubrögð, innleiðingu úrbóta og auka ábyrgð og þekkingu stjórnenda á þeim málaflokkum sem hún nær til.

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Góð þekking og skilningur starfsmanna á þeirri ábyrgð sem þeir fara með á skriflegu verklagi og þeirri endurskoðun og kynningu sem fara skal reglubundið fram.

Framkvæmd og innleiðing úrbótaverkefna mun fara fram innan skilgreindra tímamarka og stjórnendur þekkja þá ábyrgð sem þeir fara með í málaflokknum og eru í fararbroddi sinna starfsmanna í framkvæmd verkefna og stöðugra umbóta í starfsemi Matvælastofnunar. Gæðakerfi Matvælastofnunar verði til að auka traust almennings og starfsmanna á stofnuninni og verkefnum hennar.

Meginmarkmið

- Stofnunin starfi eftir samþykktum verkferlum.
- Ábyrgð starfsmanna og eignarhald á skjölum og verkefnum, þ.m.t. innleiðingu umbótaverkefna verður öllum skýr.

Markmið

- Aukin gæðavitund starfsmanna og ábyrgð og eignarhald stjórnenda.
- Starfsmenn þekki og tileinki sér niðurstöður rýnivinnu og innleiðingu umbóta.
- Skýr ábyrgð og eignarhald á úrbótakröfum (nýni gæðaráðs og innri úttektir).

Samþykkt af yfirstjórn 10. desember 2024.